# Fundargerð 343. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg og í beinu streymi
**Fundardagur:** miðvikudagur 3. júní 2026
**Fundartími:** 17:00-18:46
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson
Hulda Kristjánsdóttir
Walter Fannar Kristjánsson
Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir
Almar Sigurðsson

1. **Setning fundar – ný sveitarstjórn**
Niðurstöður sveitarstjórnarkosninga 2026 - 2030 – upplýsingar úr kosningaskýrslu frá yfirkjörstjórn Flóahrepps:
Í sveitarstjórn Flóahrepps 2026 – 2030 voru kjörin: Árni Eiríksson, Hulda Kristjánsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir fyrir Framfaralistann og Almar Sigurðsson fyrir T lista. Varamenn voru kjörnir: Hjalti Guðmundsson, Sveinn Orri Einarsson, Sigrún Hrefna Arnardóttir og Sigurjón Reynisson fyrir I lista og Ágúst Hjálmarsson fyrir T lista.

   Lengsta setu í sveitarstjórn á Árni Eiríksson sem setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Huldu Kristjánsdóttur falið að rita fundargerð.
2. **Kosning oddvita og varaoddvita 2026 – 2030**
Fulltrúar Framfaralistans leggja fram tillögu um að Árni Eiríksson verði kjörinn oddviti sveitarstjórnar kjörtímabilið 2026-2030.
Oddviti Flóahrepps 2026-2030 var kjörinn Árni Eiríksson.
Samþykkt með 4 atkvæðum.
Almar Sigurðsson situr hjá við afgreiðslu.
Fulltrúar Framfaralistans leggja fram tillögu um að Walter Fannar Kristjánsson verði kjörinn varaoddviti sveitarstjórnar kjörtímabilið 2026-2030.
Varaoddviti Flóahrepps 2026-2030 var kjörinn Walter Fannar Kristjánsson.
Samþykkt með 4 atkvæðum.
Almar Sigurðsson situr hjá við afgreiðslu.
3. **Ráðning oddvita og sveitarstjóra 2026 – 2030**
   a) Fulltrúar Framfaralistans leggja fram tillögu um að gerður verði ráðningarsamningur við nýkjörinn oddvita, Árna Eiríksson, frá og með 4. júní 2026 til 31. maí 2030. Mánaðarleg þóknun fyrir oddvita sveitarstjórnar verði 800.000 kr frá undirritun samnings og lækka laun oddvita þannig um 23.202 kr frá því sem er í dag. Tenging við launavísitölu verði felld niður og launakjör fylgi hækkunum skv. viðkomandi kjarasamningi. Mánaðarleg þóknun nær yfir öll þau störf og vinnuframlag sem oddviti sinnir á vegum sveitarfélagsins, fyrir utan tilfallandi stjórnarsetu í samstarfsverkefnum eða byggðasamlögum sem í sumum tilvikum er greitt fyrir sérstaklega af viðkomandi byggðasamlagi eða samstarfsverkefni. Greitt verði fyrir akstur í þágu sveitarfélagsins skv. akstursdagbók og taxta RSK hverju sinni og net- og símakostnaður oddvita verði greiddur úr sveitarsjóði. Oddviti skal hafa leyfi til afnota af bílum í eigu sveitarfélagsins vegna starfa í þágu sveitarfélagsins.
   Sveitarstjóra verði falið að ganga frá ráðningarsamningi við Árna Eiríksson skv. ofangreindu.
   Samþykkt með 3 atkvæðum.
   Almar Sigurðsson situr hjá við afgreiðslu.
   Árni Eiríksson vék frá við afgreiðslu málsins.
   b) Fulltrúar Framfaralistans leggja fram tillögu um að gerður verði ráðningarsamningur við Huldu Kristjánsdóttur sem sveitarstjóra frá og með 4. júní 2026 til 31. maí 2030. Mánaðarlaun sveitarstjóra verði 1.817.000 kr og lækka laun sveitarstjóra þannig um 68.558 kr frá því sem er í dag. Tenging við launavísitölu verði felld niður og launakjör fylgi hækkunum skv.



A.S

viðkomandi kjarasamningi. Greitt verði fyrir akstur í þágu sveitarfélagsins skv. akstursdagbók og taxta RSK hverju sinni og net- og símakostnaður sveitarstjóra verði greiddur úr sveitarsjóði. Ekki verði greitt fyrir yfirvinnu. Við starfslok skal sveitarstjóri fá greidd laun í 4 mánuði. Sveitarstjóri skal hafa leyfi til afnota af bílum í eigu sveitarfélagsins vegna starfa í þágu sveitarfélagsins. Að öðru leiti skal farið eftir starfskjörum og réttindum skv. viðkomandi kjarasamningi.

Oddvita falið að ganga frá ráðningarsamningi við Huldu Kristjánsdóttur skv. ofangreindu.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Almar Sigurðsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Hulda Kristjánsdóttir vék frá við afgreiðslu málsins og Walter Fannar Kristjánsson ritaði fundargerð við afgreiðslu málsins.

4. **Samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps**

Fulltrúar Framfaralistans leggja fram tillögu að eftirfarandi breytingum á samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps:

**Grein 8**

*Var*:

Sveitarstjórn Flóahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Þingborg, fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar og skal sveitarstjórn bóka tímasetningu næsta fundar í fundargerð næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

*Verður*:

Sveitarstjórn Flóahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Þingborg, fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar og skal sveitarstjórn bóka tímasetningu næsta fundar í fundargerð næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

**Grein 41. A 2**

*Var*:

Umhverfis- og samgöngunefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í umhverfismálum og um úrbætur og nýframkvæmdir í umferðarog samgöngumálum. Þá fer nefndin jafnframt með málefni sorphirðu og sorpförgun sbr. lög um um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, með síðari breytingum, og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og hlutverk náttúrunefndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

*Verður*:

Allsherjar- og samgöngunefnd. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis og hafa frumkvæði að tillögugerð í umhverfis- og samgöngumálum, atvinnu- og nýsköpunarmálum og öðrum tilfallandi málum sem sveitarstjórn kann að fela nefndinni að fjalla um og varða málefni sveitarfélagsins. Nefndin fer með hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

**Grein 41. A 3**

*Var*:

Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í æskulýðs- og tómstundamálum, þ.m.t. málefni félagsmiðstöðvar, og hafa frumkvæði að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í menningarmálum og hafa frumkvæði að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar. Nefndin fer með skipulagningu á menningarviðburðum á vegum sveitarfélags og í samvinnu við önnur félagasamtök innan sveitarfélagsins.

*Verður*:

Lýðheilsu- og menningarnefnd. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis og hafa frumkvæði að tillögugerð í íþrótta- æskulýðs- og tómstundamálum, þ.m.t. málefni félagsmiðstöðvar og ungmennahúsa. Nefndin skal á sama hátt koma að menningarmálum, málefnum eldri íbúa og að heilsueflandi samfélagi. Nefndin fer með skipulagningu á menningarviðburðum á vegum sveitarfélagsins og skal vera í samvinnu við önnur félagasamtök innan sveitarfélagsins.



A.S

**Grein 41. A 5.**
*Var*:
Landbúnaðar- og atvinnumálanefnd. Þrír fulltrúar og þrír til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjónar um landbúnaðar- og atvinnumál í Flóahreppi
*Verður*:
Fellur út þar sem málefni nefndarinnar fara undir allsherjar- og samgöngunefnd.

**Grein 41. A 7**
*Var*:
Ungmennaráð Flóahrepps. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, skipuð á tveggja ára fresti. Fulltrúar skulu vera á aldrinum 14 – 20 ára með lögheimili í Flóahreppi. Ungmennaráðið er ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki á aldrinum 14-20 ára í Flóahreppi. Ráðið skal starfa í nánu samstarfi við íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps.
*Verður*:
Ungmennaráð Flóahrepps. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, skipuð á tveggja ára fresti. Fulltrúar skulu vera á aldrinum 14 – 25 ára með lögheimili í Flóahreppi. Ungmennaráðið er ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki á aldrinum 14-25 ára í Flóahreppi. Ráðið skal starfa í nánu samstarfi við lýðheilsu- og menningarnefnd Flóahrepps.

**Grein 41. B 18**
*Var*:
Náttúruverndarnefnd. Umhverfis- og samgöngunefnd fer með málefni Náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og skal vera sveitarstjórn til ráðgjafar um náttúruverndarmál.
*Verður*:
Náttúruverndarnefnd. Allsherjar- og samgöngunefnd fer með málefni Náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og skal vera sveitarstjórn til ráðgjafar um náttúruverndarmál.

**Grein 41. C 1**
*Var*:
Stýrihópur um heilsueflandi samfélag í Flóahreppi: Einn fulltrúi sveitarfélags og einn til vara. Í vinnuhóp sitja að auki fulltrúi grunnskóla, leikskóla, ungmennafélags og fulltrúi íbúa. Verkefni stýrihópsins felast í stefnumótun, forgangsröðun verkefna, samræmingu og upplýsingamiðlun um ýmsa þætti er varðar heilsueflandi samfélag.
*Verður*:
Fellur út þar sem verkefni fara undir lýðheilsu- og menningarnefnd.

**Grein 41 C 2**
*Var*:
Öryggisnefnd: Nefndina skipa öryggistrúnaðarmenn Krakkaborgar og Flóaskóla, ritari Flóahrepps og umsjónarmaður fasteigna. Öryggisnefnd tekur m.a. þátt í gerð áhættumats og eftirfylgni þess, sér til þess að viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis kynferðislegrar og kynbundinnar áætlunar sé framfylgt og fylgist með skráningu slysa, óhappa og atvinnusjúkdóma. Nefndin starfar í nánu samráði við sveitarstjóra, skólastjórnendur og húsverði.
*Verður*:
Öryggisnefnd: Nefndina skipa öryggistrúnaðarmenn Krakkaborgar og Flóaskóla, fulltrúi starfsmanna á skrifstofu Flóahrepps og umsjónarmaður fasteigna. Öryggisnefnd tekur m.a. þátt í gerð áhættumats fyrir stofnanir sveitarfélagsins og eftirfylgni þess, kemur að gerð neyðar- og viðbragðsáætlana og tryggir að skýrar verkáætlanir séu til staðar. Öryggisnefnd skal styðja við ákvarðanatöku sveitarstjórnar í aðstæðum þar sem þarf að undirbúa, draga úr áhættu og skipuleggja viðbrögð svo sem vegna slysa eða hamfara. Nefndin starfar í nánu samráði við sveitarstjóra, skólastjórnendur og starfsmenn á fasteignasviði.



A.S. ÁB

Til viðbótar ofangreindu er sveitarstjóra falið að gera viðeigandi breytingar á grein 41. B í samþykktum um stjórn sveitarfélagsins vegna nýlegra breytinga á eftirfarandi byggðasamlögum.
Brunavarna Árnessýslu bs.
Byggðasafns Árnesinga bs.
Héraðsnefndar Árnesinga bs.
Listasafns Árnesinga bs.
Tónlistarskóla Árnesinga bs.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að uppfærðar samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps verði lagðar fram í sveitarstjórn til fyrri umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. **Skipan í nefndir og ráð 2026 – 2030**
Eftirfarandi er skipan í nefndir og ráð hjá Flóahreppi kjörtímabilið 2026-2030:

**Yfirkjörstjórn Flóahrepps**
**Aðalmenn:**
Ólafur Þóarinsson, formaður
Rannveig Árnadóttir
Dagbjartur Ketilsson
**Varamenn**:
Baldur Sveinsson
Hafsteina Sigurbjörnsdóttir
Halla Reynisdóttir

**Fræðslunefnd Flóahrepps**
**Aðalmenn:**
Stefán Geirsson, formaður
Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir
Hjalti Guðmundsson
Margrét Drífa Guðmundsdóttir
Ólafur Sveinn Gíslason
**Varamenn:**
Jakob Nielsen Kristjánsson
Guðmundur Bjarnason
Harpa Magnúsdóttir
Kristrún Jónsdóttir
Ágúst Hjálmarsson

**Allsherjar- og samgöngunefnd**
**Aðalmenn:**
Sveinn Orri Einarsson, formaður
Rúnar Magnússon
Hildur Gunnarsdóttir
Jakob Nielsen Kristjánsson
Gunnar Karl Ársælsson
Victor Örn Victorsson
Jónas Már Hreggviðsson
**Varamenn:**
Sigurjón Reynisson
Guðmundur Bjarnason
Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir
Walter Fannar Kristjánsson
Sigrún Hrefna Arnardóttir
Hulda Kristjánsdóttir
Gunnar Jóhannsson



A.S. [handwritten initials]

**Lýðheilsu- og menningarnefnd**
**Aðalmenn:**
Sigrún Hrefna Arnardóttir, formaður
Hafdís Gígja Björnsdóttir
Halldór Bjarnason
Kristrún Jónsdóttir
Harpa Magnúsdóttir
Sigurjón Reynisson
Halla Kjartansdóttir
**Varamenn:**
Victor Örn Victorsson
Oddný Ása Ingjaldsdóttir
Kristín Lilja Sigurjónsdóttir
Guðmunda Bríet Steindórsdóttir
Helena Hólm
Rúnar Magnússon
Íris Björk Magnúsdóttir

**Framkvæmda- og veitunefnd**
**Aðalmenn:**
Hjalti Guðmundsson, formaður
Haraldur Einarsson
Heimir Rafn Bjarkason
Almar Sigurðsson
**Varamenn:**
Reynir Þór Jónsson
Sveinn Orri Einarsson
Ragnar Finnur Sigurðsson
Afgreiðslu frestað á vara áheyrnarfulltrúa

**Ungmennaráð**
Afgreiðslu frestað þar til skipaðir hafa verið varamenn úr hópi ungmenna.

**Öryggisnefnd Flóahrepps**
Afgreiðslu frestað þar til skipaðir hafa verið aðilar frá skrifstofu sveitarfélagsins, Krakkaborg og Flóaskóla.

**Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða**
Afgreiðslu frestað

**Fulltrúi í Öldungaráði Uppsveita og Flóa**
**Aðalmaður:**
Helena Hólm
**Varamaður:**
Íris Bjök Magnúsdóttir

**Fulltrúar á aðalfundi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands**
**Aðalmenn:**
Árni Eiríksson
Walter Fannar Kristjánsson
Almar Sigurðsson
**Varamenn:**
Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir
Hjalti Guðmundsson



A.S. [illegible]

Ágúst Hjálmarsson

**Fulltrúar á aðalfundi Héraðsnefndar, Brunavarna, Byggðasafns, Listasafns og Tónlistarskóla:**
**Aðalmaður:**
Árni Eiríksson
Almar Sigurðsson
**Varamaður:**
Walter Fannar Kristjánsson
Ágúst Hjálmarsson

**Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.**
**Aðalmaður:**
Hulda Kristjánsdóttir
**Varamaður:**
Árni Eiríksson

**Fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.**
Afgreiðslu frestað framyfir aukaaðalfund Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

**Stjórn og fulltrúi í skipulagsnefnd Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.**
**Aðalmaður:**
Walter Fannar Kristjánsson
**Varamaður:**
Árni Eiríksson

**Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands**
**Aðalmaður:**
Walter Fannar Kristjánsson
**Varamaður**:
Árni Eiríksson

**Fulltrúi á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum**
**Aðalmaður:**
Hulda Kristjánsdóttir
**Varamaður**:
Árni Eiríksson

**Fulltrúi á aðalfund Samtaka orkusveitarfélaga**
**Aðalmaður:**
Hulda Kristjánsdóttir
**Varamaður**:
Árni Eiríksson

**Fulltrúi á aðalfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**
**Aðalmaður:**
Hulda Kristjánsdóttir
**Varamaður**:
Árni Eiríksson

**Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga**
**Aðalmaður:**
Árni Eiríksson
**Varamaður**:
Walter Fannar Kristjánsson



A.S. ÁG

**Almannavarnarnefnd Árnessýslu**
**Aðalmaður:**
Hulda Kristjánsdóttir
**Varamaður:**
Árni Eiríksson

**Fulltrúar á aðalfund Bergrisans**
**Aðalmenn:**
Árni Eiríksson
Hulda Kristjánsdóttir
Almar Sigurðsson
**Varamenn:**
Walter Fannar Kristjánsson
Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir
Ágúst Hjálmarsson

**Fulltrúi á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands**
**Aðalmaður:**
Hulda Kristjánsdóttir
**Varamaður:**
Árni Eiríksson

**Vatnasvæðanefnd**
Afgreiðslu frestað þar til skipaður hefur verið fulltrúi úr allsherjar- og samgöngunefnd.

**Sveitarstjórn fer með málefni húsnæðisnefndar og jafnréttisnefndar**

**Allsherjar- og samgöngunefnd fer með málefni náttúruverndarnefndar**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir ofangreinda skipan í nefndir og ráð fyrir kjörtímabilið 2026-2030.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. **Laun fyrir stjórnar og nefndarsetu 2026 – 2030**
Fulltrúar Framfaralistans leggja fram eftirfarandi tillögu um þóknun vegna setu í stjórnum og nefndum fyrir sveitarfélagið:

| | |
|---|---|
| Sveitarstjórn | 183.000 kr.pr. mánuð, óháð fjölda sveitarstjórnarfunda eða vinnufunda sveitarstjórnar. |
| Heilsdagsfundir utan sveitar | 54.000 kr.pr. setinn fund |
| Hálfsdagsfundir utan sveitar | 27.000 kr.pr. setinn fund |
| Styttri fundir innan sveitar | 13.500 kr.pr. setinn fund |
| Varamaður í sveitarstjórn | 85.000 kr.pr. setinn fund |

Akstur verður greiddur samkvæmt akstursdagbók og skv. taxta RSK hverju sinni.
Fyrir fjarfundi sem sveitarstjórnarmenn sitja fyrir hönd sveitarfélagsins skal greiða helming af ofangreindum upphæðum pr. setinn fund.
*Laun sveitarstjórnar skulu taka breytingum skv. kjarasamningum BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga og er hækkun skv. launavísitölu þannig felld út. Laun fyrir aðra fundi en sveitarstjórnarfundi, ásamt akstri skv. akstursdagbók, skal greitt tvisvar á ári, 1. júní og 1. desember og skulu sveitarstjórnarmenn skila upplýsingum til sveitarstjóra.*

| | |
|---|---|
| Fræðslunefnd formaður | 80.000 kr.pr. setinn fund |
| Fræðslunefnd | 45.000 kr.pr. setinn fund |
| Fræðslunefnd áheyrnarfulltrúi | 15.000 kr.pr. setinn fund |

Akstur verður greiddur samkvæmt akstursdagbók og skv. taxta RSK hverju sinni.

| | |
|---|---|
| Allar aðrar nefndir formaður | 45.000 kr.pr. setinn fund |
| Allar aðrar nefndir | 27.000 kr.pr. setinn fund |
| Allar aðrar nefndir áheyrnarfulltrúi | 15.000 kr.pr. setinn fund |

Akstur verður greiddur samkvæmt akstursdagbók og skv. taxta RSK hverju sinni.

Fyrir fjarfundi sem nefndarmenn sitja að beiðni sveitarfélags skal greiða helming af ofangreindum upphæðum pr. setinn fund.

Greiðsla fyrir samþykkt vinnuframlag nefndarmanna á viðburðum á vegum sveitarfélagsins skal greitt skv. tímaskráningu sem formenn nefnda skulu halda utanum. Launakjör fyrir vinnuframlag skal fara skv. kjarasamningum BSRB félaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ávallt skal greitt að lágmarki fyrir 4 klst vinnuframlag og álag ofaná laun vegna vinnu eftir kl. 17:00 eða um helgar fara skv. kjarasamningi. Launaflokkur skal ákveðinn skv. Starfsmati Sambands íslenskra sveitarfélga. Formenn fá greitt 10% persónuálag á laun sín umfram aðra nefndarmenn.
*Undir slíka viðburði falla sem dæmi: Opin hús og þorrablót fyrir eldri íbúa, Fjör í Flóa, Aðventuhátíð, Ungmennahús, 17. júní hátíðarhöld.*

Yfirkjörstjórn:
Greiðslur til yfirkjörstjórnar Flóahrepps verða sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Laun formanns | 45.000 kr.pr. setinn fund |
| Laun annarra fulltrúa | 27.000 kr.pr. setinn fund. |

Fyrir fjarfundi sem fulltrúar kjörstjórnar sitja skal greiða helming af ofangreindum upphæðum pr. setinn fund.
Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga verður metinn sem sex fundir. Kjörfundir vegna alþingiskosninga, þjóðaratkvæðagreiðslu, forsetakosninga o.fl. verða metnir sem fimm fundir.
Akstur verður greiddur samkvæmt akstursdagbók og skv. taxta RSK hverju sinni.
varamenn í kjörstjórn njóta sömu kjara og aðalmenn fyrir þá fundi sem þeir sitja.

*Öll nefndarlaun skulu taka breytingum skv. kjarasamningum BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga og er hækkun skv. launavísitölu þannig felld út. Laun nefnda ásamt akstri skv. akstursdagbók skulu greidd tvisvar á ári, 1. júní og 1. desember og skulu formenn skila upplýsingum til sveitarstjóra.*

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. **Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – kjör fulltrúa á Landsþing 2026 – 2030**
Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldið dagana 23.-25. september 2026 á Akureyri. Fulltrúi Flóahrepps með atkvæðisrétt verður Árni Eiríksson og sveitarstjóri Flóahrepps, Hulda Kristjánsdóttir, mun einnig sitja Landsþingið með málfrelsi og tillögurétt.
Sveitarstjóra falið að skila inn kjörbréfi vegna kjörs fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. **Tölvur fyrir sveitarstjórn Flóahrepps**
Fyrir liggur tilboð frá Opnum kerfum í tölvur fyrir sveitarstjórnarfulltrúa.
Sveitarstjóra falið að kanna verð í sambærilegar tölvur frá öðrum fyrirtækjum og ganga í kjölfarið frá kaupum og uppsetningu í samráði við sveitarstjórnarfulltrúa fyrir þá sveitarstjórnarfulltrúa sem þurfa tölvu vegna starfa fyrir sveitarstjórn.
Sveitarstjórn samþykkir að ekki verði kallað eftir eldri tölvum frá fráfarandi sveitarstjórnarmönnum sem eru orðnar 4 ára gamlar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 326, dags. 27.05.2026**
   a) **Miklaholthellir land L214031; Miklaholtshellir 2 L223302; Breytt afmörkun lóða – 2605048**



A.S. Á.E.

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar breytingar á afmörkun á spildunum Miklaholtshellir 2 L223302 og Miklaholtshellir land L214031. Við breytinguna breytist stærð beggja spildnanna.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) **Súluholt 2F L239899; Súluholt 2F vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605075**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Súluholts 2F L239899. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 132 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með ? atkvæðum.

c) **Súluholt lóð 5 L219091; Súluholt lóð 5 vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605078**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Súluholts lóð 5, L219091. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 326 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Súluholt L166385; Súluholt vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605072**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Súluholts L166385. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 29.560 m2 að stærð og er landið í tveimur skikum.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Breiðholt L166409; Breiðholt vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605084**



A.S. AB

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Breiðholts L166409. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 14.607 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Súluholt 2 og 2B L228667; Súluholt 2A og B vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605073**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Súluholts 2A og 2B L228667. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 356 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) **Skyggnisholt L166382; Skyggnisholt vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605081**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Skyggnisholts L166382. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 1.433 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) **Önundarholt L166408; Önundarholt vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605083**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Önundarholts L166408. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 11.590 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

i) **Tjarnir L212512; Tjarnir vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605071**



H.S. ÁG

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Tjarna L212512. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 7.277 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

j) **Súluholt L216736; Súluholt vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605076**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-02) úr landi Súluholts L216736. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 29.560 m2 að stærð og er landið í tveimur skikum.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

k) **Súluholt Tungur L239901; Súluholt Tungur vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605080**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Súluholts Tungur L239901. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 2.643 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

l) **Súluholtshjáleiga L166391; Súluholtshjáleiga vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605077**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Súluholtshjáleigu L166391. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 23.216 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

m) **Austur-Meðalholt L165466; Austur-Meðalholt vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605069**

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Austur - Meðalholts, L165466. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 12.284 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

n) **Súluholt 3 L176262; Súluholt 3 vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605079**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Súluholts 3, L176262. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 587 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

o) **Rútsstaða-Norðurkot L165494; Rútsstaða-Norðurkot vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605070**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Rútsstaða-Norðurkots, L165494. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 23 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

p) **Súluholt land L204584; Súluholt land vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605074**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Súluholts land, L204584. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 6.389 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.



H.S. [signature]

q) **Skyggnisholt lóð 2 L219096; Skyggnisholt lóð 2 vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605082**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Skyggnisholts lóð 2, L219096. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 4.317 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

r) **Önundarholt land L209239; Önundarholt land vegsvæði; Stofnun lóðar – 2605085**
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 21.04.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna lóð undir vegsvæði Önundarholtsvegar (311-01) úr landi Önundarholts land, L209239. Vegsvæðið sem lýst er með merkjalýsingu er 27.561 m2 að stærð.
*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi merkjalýsingu.*
*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

**10. Fundargerðir**

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 342, dags. 19.05.2026

**11. Efni til kynningar**

a) Aðalfundur SASS 25. júní – Fulltrúar Flóahrepps verða Árni Eiríksson, Walter Fannar Kristjánsson og Almar Sigurðsson
b) Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn 16. júní kl. 17:00

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Almar Sigurðsson (sign)*
*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir (sign)*